

Kæruneftnd vöru- og þjónustukaupa

Úrskurður uppkvæðinn 20. janúar 2021 í máli nr. 136/2020

Kæruneftndina skipa í þessu máli Hildur Ýr Viðarsdóttir lögmaður, Ívar Halldórsson lögfræðingur og Jón Rúnar Pálsson lögmaður.

I

Aðild og kröfugerð

Þann 18. nóvember 2020 barst kæruneftnd vöru- og þjónustukaupa beiðni um úrskurð nefndarinnar, hér eftir nefnd kvörtun, frá X, hér eftir sóknaraðili, vegna ágreinings í viðskiptum við fyrirtækið Y, hér eftir varnaraðili.

Sóknaraðili telur að rúmdýna sem keypt var af varnaraðila hafi verið haldin galla og krefst endurgreiðslu að hluta.

II

Niðurstaða

Kæruneftnd vöru- og þjónustukaupa starfar samkvæmt lögum nr. 81/2019 um úrskurðaraðila á sviði neytendamála og reglugerðar nr. 1177/2019 um kæruneftnd vöru- og þjónustukaupa sem hvoru tveggja tóku gildi þann 1. janúar 2020. Nefndin tekur ekki til meðferðar ágreining sem fellur ekki undir gildissvið framangreindra laga.

Í kvörtun kemur fram að sóknaraðili og eiginkona hans hafi keypt rúmdýnu af varnaraðila þann 2. september árið 2017 fyrir 229.219 krónur. Eftir nokkra notkun hafi gormar dýnunnar farið að gefa sig. Að sögn sóknaraðila er dýnan nú ónothæf um þremur árum eftir kaupin. Sóknaraðili bendir á að við kaupin hafi honum verið veittar þær upplýsingar að rúmdýnan ætti að endast í 10 til 12 ár. Sóknaraðili krefst þess að varnaraðila verði gert að endurgreiða $\frac{3}{4}$ af kaupverði sambærilegrar rúmdýnu vegna þess skamma tíma sem hægt var að nota rúmdýnuna.

Samkvæmt 1. gr. laga nr. 81/2019 um úrskurðaraðila á sviði neytendamála er markmið þeirra að tryggja neytendum aðgang að skilvirkri og faglegrri málsmeðferð við lausn deilumála utan dómstóla. Lögin taka til ágreinings um samninga sem neytendur gera við seljendur um kaup á vöru eða þjónustu samkvæmt 1. mgr. 3. gr. laganna. Með neytanda er átt við einstakling sem kaupir vöru eða þjónustu gegn endurgjaldi, enda séu kaupin ekki gerð í atvinnuskyni, sbr. 1. tölul. 1. mgr. 4. gr. laganna. Með seljanda er átt við einstakling, félag, opinberan aðila og aðra sem koma fram í atvinnuskyni og gera samninga við neytendur, svo og hvern þann sem í atvinnuskyni kemur fram í umboði eða fyrir hönd seljanda, sbr. 2. tölul. 1. mgr. 4. gr. laganna.

Kæruneftnd vöru- og þjónustukaupa hefur samkvæmt 1. mgr. 16. gr. laganna úrskurðarvald í málum vegna ágreinings milli neytenda og seljenda sem rís af sölu- eða þjónustusamningi samkvæmt lögnum. Með sölusamningi er átt við samning milli seljanda og neytanda um kaup á vöru gegn endurgjaldi, svo og hvers konar samningar sem varða bæði vörur og þjónustu, sbr. 3. tölul. 1. mgr. 4. gr. laga nr. 81/2019.

Sóknaraðili festi kaup á rúmdýnu þann 2. september 2017 fyrir 229.219 krónur. Seljandi rúmdýnunnar, og þar með varnaraðili máls þessa, var fyrirtækið Y. Fyrir liggur að félagið var tekið til gjaldþrotaskipta þann 20. febrúar 2019. Gjaldþrotaskiptum var lokið þann 29. nóvember 2019 og var félagið afskráð þann 11. desember árið 2019.

Við kaup sóknaraðila á rúmdýninni af varnaraðila var um sölusamning milli neytanda og seljanda að ræða í skilningi laga nr. 81/2019. Ágreiningur máls þessa varðar hins vegar kaupsamning sem gerður var við seljanda, þ.e. varnaraðila, sem að lögum getur

ekki verið réttur aðili máls þessa í kjölfar þess að félagið var afskráð þann 11. desember árið 2019. Er því ekki lengur um sölusamning að ræða sem neytandi gerir við seljanda í skilningi laga nr. 81/2019 um úrskurðaraðila á sviði neytendamála. Þá verður ekki séð að sóknaraðili byggji kröfu sína á hendur varnaraðila að öðru leyti á réttindum eða skyldum vegna samnings milli sóknaraðila og varnaraðila eða tengdra félaga, í tengslum við sölu á hlut eða þjónustu. Kvörtun sóknaraðila er því vísað frá kærunefnd vöru- og þjónustukaupa samkvæmt e. lið 1. mgr. 14. gr. laganna.

III

Úrskurðarorð

Kvörtun sóknaraðila, X, er vísað frá kærunefnd vöru- og þjónustukaupa.

Málskotsgjald að fjárhæð 5.000 krónur verður endurgreitt sóknaraðila, sbr. a. liður 2. mgr. 13. gr. reglugerðar nr. 1177/2019 um kærunefnd vöru- og þjónustukaupa.

Hildur Ýr Viðarsdóttir
formaður

Jón Rúnar Pálsson

Ívar Halldórsson